



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur 9. september 2010 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ).

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Athugasemd gerð við framkvæmd breytinga á fundasköpum aðalstjórnar. Framkvæmdastjóra falið að stýra málum í fastara horf. Fundargerðin samþykkt.

2. 8 mánaða uppgjör félagsins

Gjaldkeri gerði grein fyrir lykiltölum í 8 mánaða uppgjöri. Rætt um fyrirsjáanlegan taprekstur ársins og möguleg viðbrögð. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri munu vinna áfram með deildum að fjármálum.

3. Rekstraráætlanir deilda

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu áætlanagerðar fyrir komandi tímabil. Umræður um tímasetningar vinnu við áætlanagerð og möguleika á að flýta vinnu deilda við verkefnið.

4. 50 ára afmæli UMF Stjörnunnar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu afmælisnefndar varðandi veisluhöld á afmælisári. Góður rómur gerður að tillögunni en áhyggjum lýst af kostnaði sem áætlaður er 3 milljónir króna.

Aðalstjórn samþykkir að undirbúningi verði fram haldið á grundvelli tillögunnar en framkvæmdastjóra falið að leita leiða með afmælisnefnd til lækkunar á tilkostnaði. Ákvörðun um endanlega útfærslu og fjármögnun bíður næsta fundar.

5. Knatthús

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar samþykkir að skipa Snorra Olsen stjórnarformann Knatthúsa ehf. og að Páll Grétarsson framkvæmdastjóri UMF Stjörnunnar verði jafnframt framkvæmdastjóri Knatthúsa ehf.



6. Aðstöðumál knattspyrnudeildar

Fyrir fundinum lá tillaga JSI um bréfaskriftir til Garðabæjar vegna endurnýjunar gervigrass á aðalvelli félagsins og hugsanlega endurnýtingu núverandi grass á æfingasvæði félagsins. Málin rædd. Framkvæmdastjóra falið að skrifa bænum bréf í samráði við JSI og formann knattspyrnudeildar félagsins.

7. Aðstöðumál félagsins í Ásgarði

Fyrir fundinum lá erindi frá blak- og körfuknattleiksdeild varðandi bréfaskriftir til Garðabæjar vegna endurnýjunar á gólfi í græna sal. Slíkt erindi var sent bæjaryfirvöldum haustið 2009. Málin rædd. Framkvæmdastjóra falið að skrifa bænum bréf um málið.

8. Viðhald Stjörnuheimilis

Framkvæmdastjóri lagði fram hugmyndir að endurnýjun gólfefna í Stjörnuheimili. Málin rædd. Ákvarðanatöku frestað til næsta fundar.

9. Önnur mál

a. Íþróttaskól Stjörnnunnar

- i. JSI gerði grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi Íþróttaskóla Stjörnnunnar á komandi vetri. Aðalstjórn staðfestir að málefni íþróttaskólans séu á forræði JSI í samstarfi við íþróttafulltrúa og framkvæmdastjóra.

b. Stefna UMF Stjörnnunnar í vímu- og tóbaksvarnarmálum - frestað.

c. Aga- og hegðunarmál.

- i. Fyrir fundinum lá afsökunarbeiðni frá Kjartani Atla Kjartanssyni vegna óviðurkvæmilegrar notkunar á keppnisbúningi félagsins og umfjöllun stjórnar körfuknattleiksdeildar um málið.

Aðalstjórn tekur undir niðurstöðu körfuknattleiksdeildar og felur framkvæmdastjóra að gera KAK grein fyrir alvarleika málsins.

Fundi slitið kl. 19:30

Ritað PGr.